



Kynningarfundur 7.árgangur

08.10.2019



Úr stefnu Hörðuvallaskóla

- ▶ Nemendur skólans fá tækifæri til að rækta styrkleika sína og við útskrifum ábyrga, sjálfstæða, sjálfsörugga og samskiptahæfa nemendur.
- ▶ Leiðarljós skólans
 - ▶ Í Hörðuvallaskóla einkennist nám og kennsla af áhugaverðum og markvissum verkefnum. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og eiga gagnrýna samræðu um það. Þeir eru meðvitaðir um hvert er stefnt og fá markvissa endurgjöf frá kennurum á leiðinni.
- ▶ Allir hafa tækifæri til að vaxa



Aðalnámskrá grunnskóla

- Sex grunnþættir menntunar
 - Læsi
 - Sjálfbærni
 - Lýðræði og mannréttindi
 - Jafnrétti
 - Heilbrigði og velferð
 - Sköpun

Þessir grunnþættir eiga síðan að samþættast og mynda undirstöðu þekkingar, leikni og hæfni nemenda í gegnum öll skólastigin. Lögð er áhersla á að þessir grunnþættir séu óháðir námsgreinum en jafnframt bent á að starfshættir sem taka mið af samþættingu námsgreina styðji öðru fremur við þessar hugmyndir.



Breytingaferli

- Í öllu breytingarstarfi má búast við lægð í upphafi ferlisins. Hún orsakast af eðlilegum viðbrögðum við ákveðnu óvissuástandi þar sem þeir sem að málum koma hafa ekki nægar forsendur til að spá fyrir um hvert nýju vinnubrögðin muni leiða þá né hvaða árangri breytingarnar muni skila.
- Það þarf skýra sýn og staðfestu en á sama tíma þarf að vera nægilegur sveigjanlegi til að geta lagað breytingaferlið að mismundi áherslum og þörfum.
- Breytingaferli geta verið erfið, þeim fylgir vinnuálag og streita.
- Árangur breytingaferlisins á fyrst og fremst að birtast í námi nemenda og styrkingu kennara með bættum kennsluháttum og starfsþróun.

(M. Fullan)



Glefsur úr samtölum við kennara

- ▶ Nemendur virðast ekki lesa verkefnalýsingar af fyrra bragði og treysta á að þeim sé sagt það sem þeir þurfa að vita til að klára verkefnið.
- ▶ Ef til vill eru nemendur ekki vanir að vinna með svo beinum hætti samkvæmt hæfniviðmiðum svo þeir skilja kannski ekki mikilvægi þess að vita fyrirfram hvaða hæfni er stefnt að og hvernig hún er metin.
- ▶ Maður fær óneitanlega á tilfinninguna að þarna séu krakkar, góðir krakkar, sem hafa vanist því að vita bara hvað þeir **eiga að gera** en hafi ekki vanist því að spyrja **hversvegna** þeir eru að gera það
- ▶ Nemendur virðast finna fyrir einhverju öryggi í mínútufjöldanum, orðafjöldanum, sem þeir eiga gríðarlega erfitt með að sleppa tókum á. Þeir eru alltaf að leita að svarinu “þarna úti”, skortir allt sjálfstraust á því að nein svör búi innra með þeim.



Þjóðfélagsþegnar framtíðarinnar

- Störf og tækni sem enn hafa ekki verið fundin upp
- Það er ekki nóg að búa yfir hæfni sem þokkalega vel forritaður róbóti býr yfir. Þegar börnin okkar fara út á vinnumarkaðinn munu þau vera í stanslausri samkeppni við vélar og hugbúnað um vinnu. Þau verða aldrei betri í að vinna eins og róbóti en róbótarnir sjálfir. Svo þau verða að búa yfir hæfni sem einungis mannfólk getur búið yfir.
- Nám þarf að stuðla að
 - Áræðni nemenda, að þeir þori að koma hugmyndum sínum á framfæri
 - Gagnrýninni hugsun, þar sem eðlilegt sé að gagnrýna og taka gagnrýni á uppbyggilegan hátt
 - Skapandi hugsun



Samþætting námsgreina sem leggur áherslu á aukin áhrif og virka þátttöku nemenda

- Niðurstöður rannsóknarinnar Starfshættir í grunnskólum 2009-2011 sem er einhver viðamesta heildstæða rannsókn síðari ára á íslensku skólastarfi sýna að þar sem markvisst er unnið að því í daglegu skólastarfi að auka áhrif og virka þátttöku nemenda þá sýna nemendur betri samskipti, þeim líður betur og hafa jákvæðari viðhorf til skóla og náms. Með þessum náms- og starfsháttum er áhersla lögð á tengsl frelsis, ábyrgðar og innri aga hjá nemendum.
- Aukið val nemenda
- Þjálfun nemenda í að setja sér markmið
- Að nemendur komi að því að skipuleggja skóladaginn
- Að nemendur hafi tæk á að velja sér námsefni
- Að nemendur geti haft áhrif á vinnuhætti eða vinnulag
- Að nemendur geti komið að því að velja aðferðir við námsmat



Veturinn 2018-2019

- ▶ Skólastjórnendur voru á námskeiði frá HÍ á vegum Kópavogsbæjar um faglega forystu í umbótastarfi hálfan dag í mánuði allan veturinn
 - ▶ Áhersla á barnið – nemandann
 - ▶ Vinnuheiti verkefnis: Aukin hlutdeild nemenda og markvissara nám
 - ▶ Leiðarljós (vision): Í Hörðuvallaskóla einkennist nám og kennsla af áhugaverðum og markvissum verkefnum. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og eiga gagnrýna samræðu um það. Eru meðvitaðir um hvert er stefnt og fá markvissa endurgjöf frá kennurum á leiðinni.
- ▶ Anna María kennsluráðgjafi ráðin inn og hennar þekking nýtt m.a. um samþætt nám
- ▶ Unnin starfsþróunaráætlun til þriggja ára
- ▶ Kynntum okkur vinnu í öðrum skólum s.s. Langholtsskóla



Kveikjan



- ▶ Vorráðstefna Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri 30.3. 2019
 - ▶ Málstofa um opna stundatöflu og samþættingu námsgreina frá Grundaskóla á Akranesi
 - ▶ Verkefnamiðað nám og samþætting námsgreina, verkefni standa yfir í lengri eða skemmri tíma þar sem markmiðið er að rannsaka ákveðið viðfangsefni. Hefðbundnar námsgreinar fléttaðar inn í verkefni.
 - ▶ Ávinningur
 - ▶ Nemendur sökkva sér dýpra í verkefni sem vekja áhuga þeirra og eiga auðveldara með að tengja við viðfangsefnið
 - ▶ Nemendur eru virkari og sjá betur tilganginn með vinnu sinni
 - ▶ Nemendur læra að taka ábyrgð, leysa vandamál og miðla þekkingu til annarra
 - ▶ Nemendur þjálfast í skapandi vinnubrögðum



Kostir og gallar

➤ Kostir

- Bæði nemendur og kennarar fá betri yfirsýn
- Það er kafað dýpra í viðfangsefnin
- Nemendur læra að skipuleggja sig
- Nemendur verða svo miklu færari í að rökstyðja og koma þekkingu á framfæri

➤ Gallar

- Mikið álag og skipulag hjá kennurum
- Skipulag getur verið flókið vegna annarra námsgreina s.s. íþr, sund, list-og verkgr.
- Sumir nemendur verða værukærir



Framhaldið og undirbúningur

- Heimsókn í Grundaskóla í apríl
 - Skólastjórnendur og kennsluráðgjafi
- Lesefni um samþættingu námsgreina, opnar stundatöflur, þematengt nám
- Fundað og skipulagt
- Kennarar fengnir til að vera með í verkefninu